

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs Háskóla Íslands 2021

Aníta Lind Hlynsdóttir brautskráðist frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum í fyrra og hlaut bæði verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í íslensku, félagsvísindagreinum og heildarárangur á stúdentsprófi auk Menntaverðlauna Háskóla Íslands. Hún hefur verið virk í Leikfélagi Vestmannaeyja og skrifaði bæði leikrit og myndbandahandrit í skóla. Þá hefur hún verið virk í KFUM&K og innan Rauða krossins. Aníta hefur hafið nám í lögfræði.

Anna Elísabet Stark brautskráðist frá Menntaskólanum á Laugarvatni árið 2018 og hefur síðan bætt við sig styrktarþjálfaranámi hjá Keili. Hún hefur lagt stund á ólympískar lyftingar og státar m.a. af Íslandsmeistaratitli í sínum þyngdarflokki í þeirri íþrótt. Anna Elísabet hefur brennandi áhuga á að vinna innan skólakerfisins og hefur því hafið nám í uppeldis- og menntunarfræði.

Arnór Daði Rafnsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut við útskrift viðurkenningu fyrir vel unnin störf á sviði náttúrufræði, íslensku og tónlistar. Hann hefur lokið framhaldsprófi í gítarleik og æfir enn fremur með meistaraflokki karla hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar. Arnór hefur hafið nám í vélaverkfræði.

Auðun Bergsson brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor og fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í stærðfræði. Hann hefur innritað sig í þá námsleið í Háskóla Íslands og stefnir á frekara nám í útlöndum sem tengist gervigreind.

Áróra Friðriksdóttir útskrifaðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut við það tilefni Stúdentspennann fyrir besta lokaverkefni skólaársins. Hún hefur lagt stund á tónlistarnám frá sex ára aldri og tekið virkan þátt í félagslífi Kvennaskólans, m.a. sem ritstýra skólablaðsins. Þá hefur Áróra verið í Gettu betur liði skólans undanfarin tvö ár og var fyrirliði þess á liðnum vetri þegar liðið komst alla leið í úrslit keppinnar. Áróra hefur hafið nám í sálfræði.

Berenika Bernat brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri í fyrra og dvaldi m.a. eitt ár sem skiptinemi í Póllandi á menntaskólaárunum. Þaðan flutti hún fimm ára gömul með foreldrum sínum og hefur því íslensku sem sitt annað móðurmál. Berenika hefur látið mikið að sér kveða bæði í námi og íþróttum og hefur verið í landsliði Íslands í júdó síðastliðin fjögur ár. Berenika hefur hafið nám í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Berglind Bjarnadóttir var dux Kvennaskólans í Reykjavík í fyrravor en hún brautskráðist með hæstu meðaleinkunn sem gefin hefur verið í sögu skólans. Hún brautskráðist enn fremur af almennri braut í Menntaskólanum í tónlist í vor með áherslu á klassíska tónlist. Berglind, sem leikur á fagott, hefur verið í fjölmörgum hljómsveitum, þar á meðal ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Þá æfði hún sund um árabíl og státar af fjölmörgum verðlaunum í þeirri grein. Berglind var tvö ár í Gettu betur liði Kvennaskólans í Reykjavík og sigraði í keppninni annað árið. Berglind hefur nám í lífefna- og sameindalíffræði.

Bragi Þorvaldsson brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og fékk við það tilefni verðlaun fyrir afburðaárangur í stærðfræði. Hann var virkur í félagslífi MH auk þess sem hann náði góðum árangri í Stærðfræðikeppni framhaldsskólanna sem tryggði honum þátttökurétt í Norrænu stærðfræðikeppninni í sumar. Bragi hefur einnig lokið miðprófi á bæði trompet og píanó en hann hyggur á nám í umhverfis- og byggingarverkfræði í Háskóla Íslands.

Daníel Hreggviðsson brautskráðist frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum í fyrra og var dux skólans með hæstu meðaleinkunn sem gefin hafði verið í sögu skólans. Hann hefur setið í Ungmennaráðum Suðurlands og Vestmannaeyja og var virkur í Leikfélagi Vestmannaeyja.

Daníel hyggur á nám í stærðfræði og getur vel hugsað sér að kenna þá grein í framtíðinni.

Elín Kolfinna Árnadóttir útskrifaðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í fyrra. Á meðan á námi hennar stóð tók hún bæði þátt í jafnréttis- og kórstarfi skólans ásamt því að aðstoða aðra nemendur með nám. Hún æfði fótbolta um árabil en hefur á síðustu árum æft og keppt í hjólreiðum og er í landsliðsúrvali undir 23 ára landsliðsins í greininni. Hún hefur einnig mikinn áhuga á mat og vinnur að matreiðslubók þar sem áhersla er á bólguminnkandi mataræði. Elín Kolfinna hefur hafið nám í hjúkrunarfræði.

Embla Rún Halldórsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hlaut viðurkenningu fyrir ágætan námsárangur í félagsgreinum við útskrift. Á menntaskólaárunum dvaldi hún eitt ár sem skiptinemi í Frakklandi og hún hefur starfað með skiptinemasamtökunum AFS síðustu ár. Hún lét mikið að sér kveða í listalífi MH og söng m.a. með kór skólans. Hún hefur mikinn áhuga á fjölmiðlum og hyggur á nám í stjórnmálafræði nú í haust.

Eva Bryndís Ágústsdóttir brautskráðist frá Fjölbautaskólanum í Garðabæ í vor. Hún var semidúx skólans og hlaut fjölmörg verðlaun, m.a. fyrir leiklist og íslensku en einnig Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Hún vakti mikla athygli 16 ára gömul þegar hún gekk hringinn í kringum Ísland til styrktar Barnspítala Hringins. Eva Bryndís hefur mikinn áhuga á sögu, heimspeki og jarðfræði og hefur innritast í fornleifafræði.

Freydís Xuan Li Hansdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hlaut við það tilefni viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði. Hún hyggur á nám í fjármálahagfræði í Háskóla Íslands en hyggst einnig nema japönsku samhliða hagfræðinni.

Guðríður Ósk Þórisdóttir brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor. Hún hefur m.a. lokið miðprófi í píanóleik og tónfræðagreinum og hefur lengi langað að vera kennari. Hún hefur því innritað sig í nám í grunnskólakennslu með áherslu á stærðfræði.

Hafrún Alexia Ægisdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Egilsstöðum síðastliðið vor og hlaut viðurkenningar fyrir skólasókn, góðan námsárangur á stúdentsprófi og störf að félagsmálum, en hún var m.a. formaður nemendafélags skólans á liðnum vetri. Hafrún hefur hafið nám í geislafræði við Háskóla Íslands.

Hilmir Vilberg Arnarsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hann náði afar góðum árangri í landskeppni framhaldsskólanna í eðlisfræði og stærðfræði og var honum boðið sæti í ólympíuliðunum í báðum greinum í sumar. Hilmir Vilberg valdi eðlisfræðina og keppti fyrir Íslands hönd í bæði Evrópukeppninni og á Ólympíumótinu í eðlisfræði í sumar. Hilmar Vilberg leikur enn fremur knattspyrnu með meistaraflokki í ÍR og hann hefur hafið nám í vélaverkfræði.

Ingibjörg Halla Ólafsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri í fyrravor og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í sálfræði. Hún hefur leikið knattspyrnu með kvennaliði Þór/KA og m.a. verið valin í úrtakshópa hjá yngri landsliðum Íslands. Þá var hún virk í dansfélagi MA á menntaskólaárunum. Ingibjörg Halla hefur undanfarið ár starfað sem skóla- og frístundaliði og í liðveislu fyrir fatlaða og það kveikti áhuga hennar á að skrá sig í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Ingunn Ósk Grétarsdóttir var dúx Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu við brautskráningu í vor og lauk stúdentsprófi með hreina 10 í meðaleinkunn. Hún hlaut m.a. verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í þýsku og íslensku auk Menntaverðlauna Háskóla Íslands. Ingunn Ósk sigraði enn fremur í þýskubraut Félags þýzkukennara á framhaldsskólaárunum. Hún á að baki tíu ára nám á þverflautu og

hefur leikið með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá gegndi hún formennsku í Ungmennaráði Hornafjarðar síðustu tvö ár. Ingunn hefur hafið nám í lífeindafræði.

Jón Valur Björnsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á stúdentsprófi í stærðfræði, eðlisfræði og tölvufræði. Á menntaskólagöngu sinni lét Jón Valur mikið að sér kveða í landskeppnum framhaldsskólanna í raungreinum og var í sumar boðið sæti í ólympíuliðunum í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Hann valdi eðlisfræðina og keppti fyrir Íslands hönd í Evrópukeppni og á Ólympíumóti í greininni. Stærðfræðin varð hins vegar fyrir valinu þegar kom að háskólanámi.

Kjartan Óli Ágústsson lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í vor og var dúx skólans. Hann er öflugur íþróttamaður og var í unglíngalandsliðinu í ólympískum skýlmingum í nokkur ár en einbeitir sér nú að frjálsum íþróttum. Frammistaða hans á þeim vettvangi hefur skilað honum í úrvalshóp Frjálsíþróttasambands Íslands. Kjartan Óli lauk stúdentsprófi af tölvubraut og hyggst halda áfram á þeim vettvangi því hann hefur innritast í tölvunarfræði.

Kolbrún Sara Haraldsdóttir útskrifaðist úr Verzlunarskóla Íslands með stúdentspróf í vor sem semidúx. Hún lét mikið að sér kveða í félagslífi Verslinga, þar á meðal í nemendamótsnefnd og myndbandsnefnd listafélagsins. Hún hefur mikinn áhuga á erfða- og líftækni og langar að verða hluti af þeirri miklu byltingu sem fylgir CRISPR-tækninni og hefur því innritað sig í lífefna- og sameindalíffræði.

Kristján Bjarni Rossel Indriðason var semidúx Menntaskólans að Laugarvatni við útskrift í vor og hlaut m.a. verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum. Hann gegndi embætti stallara Nemendafélags ML á liðnu skólaári og tók þátt í ýmsum öðrum félagsstörfum í menntaskóla. Kristján Bjarni hyggur á nám í tannlæknisfræði.

María Tinna Hauksdóttir brautskráðist með stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja í vor og var dúx skólans. Hún hefur stundað samkvæmisdans frá því að hún var þriggja ára gömul og er ásamt dansfélaga sínum í hópi sterkustu danspara Íslands. María Tinna hefur unnið til fjölda verðlauna í greininni, þar á meðal á Íslands-, Norðurlanda- og heimsmeistaramótum, en hún hefur verið í A-landsliði Íslands í greininni síðustu sex ár. María Tinna hefur innritað sig í nám í grunnskólakennslu yngri barna.

Ragnheiður María Benediksdóttir var semidúx Menntaskólans við Hamrahlíð við brautskráningu í desember 2020 og hlaut verðlaun fyrir ágætan námsárangur í bæði íslensku og dönsku. Samhliða náminu í MH hefur hún lagt stund á píanó- og söngnám við Menntaskóla í tónlist og hyggst halda því áfram. Ragnheiður María hefur verið meðlimur í ýmsum hljómsveitum og m.a. tekið þátt í Músíktílaunum og spilað á Airwaves-tónlistarhátíðinni, auk þess að syngja með kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Ragnheiður María hefur innritast í almenna bókmenntafræði með íslensku sem aukagrein.

Ragnhildur Björt Björnsdóttir brautskráðist í vor frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og hlaut við það tilefni verðlaun fyrir góðan árangur í heimspeki, íslensku og þýsku auk Menntaverðlauna Háskóla Íslands. Hún var virk bæði í félagslífi MH og Ungliðahreyfingu Amnesty International og hefur auk þess lagt stund á píanónám í 12 ár ásamt því að æfa karate og ballett. Hún hefur jafnframt birt ljóð á ýmsum vettvangi og sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók í vor. Ragnhildur sigraði í þýskubraut Félags þýskukennara á liðnum vetri og hyggur á nám í sagnfræði með þýsku sem aukagrein.

Ragnhildur Elín Skúladóttir brautskráðist frá Menntaskólum á Egilsstöðum í fyrravor. Hún var semidúx skólans og hlaut viðurkenningar fyrir íslensku, félagsstörf og skólasókn en hluta

menntaskólaáranna dvaldi hún sem skiptinemi í Frakklandi. Hún á að baki langt nám á bæði fiðlu og í söng og tók m.a. þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd Menntaskólans á Egilsstöðum árið 2018. Á liðnum vetri starfaði hún sem au-pair í Brussel og vann einnig sem sjálfboðaliði og aðstoðaði heimilislausa og flóttafólk í borginni. Ragnhildur Elín hefur hafið nám í mannfræði.

Rakel María Ellingsen Óttarsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri í vor og hlaut við það tilefni verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði og raungreinum. Hún lét mikið að sér kveða í félagslífi MA og var meðal annars í stjórn PrideMA, hinseginfélags skólans í tvö ár. Rakel María hefur hafið nám í verkfræðilegri eðlisfræði.

Rakel Rún Eyjólfssdóttir brautskráðist frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi í fyrra. Hún á að baki rytmískt söngnám við Tónlistarskóla Akraness og samhliða framhaldsskólanámi vann hún í búsetukjarna fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga. Rakel Rún hefur í hyggju að starfa með börnum og unglingum í framtíðinni og hefur hafið nám í þroskaþjálfarafræði en stefnan er jafnframt tekin á talmeinafræði.

Sigrún Meng Ólafardóttir lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og fékk viðurkenningu fyrir afburðagóðan námsárangur. Hún hefur lagt stund á dans hjá Danslistaskóla JSB í yfir áratug og lét mikið að sér kveða í félagslífi Kvenskælinga. Sigrún hefur hafið nám í lífeindafræði.

Sindri Bernholt var dúx Menntaskólans að Laugarvatni við úrskrift í vor og hlaut m.a. Menntaverðlaun Háskóla Íslands við það tilefni. Hann var varastallari nemendafélags skólans á liðnum vetri og sinnti ýmsum öðrum störfum í félagslífi skólans á menntaskólagöngu sinni. Sindri hefur sérstakan áhuga á jarðfræði plánetna í sólkerfinu og hefur innritast í jarðeðlisfræði.

Steinunn Kristín Guðnadóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og fékk viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur í ensku og íslensku. Hún æfði ballett um árabíl og hefur sömuleiðis numið frönsku og kóresku í frítíma sínum. Hún hefur undanfarin fimm ár unnið sem aðstoðarmaður í alþjóðlega loftslagsverkefni Earth101, m.a. við myndbandagerð og skipulagningu loftslagsviðburða. Steinunn er enn fremur með skáldsögu í smíðum og hyggur á framhaldsnám í ritlist. Fyrst hyggst hún hins vegar ljúka tvöfaldri BA-gráðu í ensku og frönsku.

Thelma Lind Hinriksdóttir lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga fyrir jólin 2020 og var þá dúx skólans. Hún á baki píanónám og var afar virk í félagsstarfi fjölbrautaskólans á meðan á dvöl hennar þar stóð. Hún æfði enn fremur körfuknattleik með Snæfelli um árabíl og var í úrtakshópi 16 ára landsliðsins á sínum tíma. Thelma Lind hefur innritast í nám í lífeindafræði við Háskóla Íslands.

Tinna Rúnarsdóttir var dúx Fjölbrautaskólans í Garðabæ í vor og hlaut m.a. verðlaun fyrir góðan árangur í myndlistaráföngum, íslensku og ensku. Hún á að baki fjölmörg myndlistarnámskeið og hefur einnig lagt stund á píanónám. Tinna hefur áhuga að sinna myndlistinni í framtíðinni en hún vill jafnframt verða tannsmiður og hefur því innritað sig í tannsmíði í Háskóla Íslands.

Tómas Helgi Harðarson var semidúx Menntaskólans í Reykjavík í fyrravor en við útskrift hlaut hann viðurkenningar fyrir ágætan árangur á stúdentsprófi í íslensku, stærðfræði, líffræði, efnafræði, sögu og raungreinum. Hann lauk einnig burtfararprófi í klassískum píanóleik frá Menntaskólanum í tónlist fyrr á þessu ári og þá státar hann einnig af grunnprófi í semballeik. Störf á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu undanfarið ár hafa aukið áhuga hans á heilbrigðiskerfinu umtalsvert og því hefur Tómas Helgi innritast í læknisfræði.

Trausti Lúkas Adamsson var dúx Menntaskólans á Akureyri við útskrift í vor og hlaut hann m.a. viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði og stærðfræði. Auk þess að sinna stoðkennslu í þessum greinum í framhaldsskóla tók hann þátt í forritunarkeppni framhaldsskólanna og landskeppni

framhaldsskólanna í eðlisfræði. Hann æfði einnig handbolta um árabíl. Trausti hyggur á nám í vélaverkfræði.

Uloma Lisbet Rós Osuala brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor. Hún var dugleg að sækja sér fjölbreytta áfanga, bæði innan og utan skólans, og tók m.a. þátt í verkefninu Ungir frumkvöðlar og forritunarkeppni framhaldsskólanna. Þá hefur Uloma einnig lokið tveimur finnskuáföngum frá Aalto-háskóla í Finnlandi með hæstu mögulegu einkunn. Skipulagsfræði og skipulagsmál heilla Ulomu og hún hefur því ákveðið að innrita sig í landfræði.

Weronika Klaudia Wdowiak brautskráðist frá Fjölbrotaskólanum við Ármúla nú í vor eftir einungis fimm anna nám. Sá árangur er ekki síður merkilegur þegar horft er til þess að hún flutti hingað frá Póllandi árið 2015. Weronika hefur á skólagöngu sinni í FÁ aðstoðað samnemendur sína í raungreinum og stærðfræði og sama á við um grunnskólanemendur í pólska samfélaginu. Weroniku dreymir um að vinna við rannsóknir í lífefnafræði í framtíðinni og því hefur hún innritast í lífefna- og sameindalíffræði.